

## Jafnréttisáætlun Varmahlíðarskóla 2018-2019.

Jafnréttisáætlun þessi er gerð í samræmi við ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 og Jafnréttisáætlun Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2014-2018.

Áætlunin nær annars vegar til jafnréttis kynjanna meðal starfsfólks og hins vegar meðal nemenda.

### Inngangur

Orðið jafnrétti tengist því að allir sitji við sama borð óháð kynferði, kynþætti, trú, kynhneigð eða líkamlegri- eða andlegri fötlun. Stefna Varmahlíðarskóla skóla er að allir, nemendur og starfsmenn, njóti jafns réttar án tillits til kyns. Tækifæri eiga ekki að byggja á kynferði heldur áhuga, hæfileikum og færni.

Skólar sveitarfélagsins skulu vinna markvisst að eflingu fræðslu um jafnréttismál með áherslu á jafnréttismál sem hagsmunamál karla ekki síður en kvenna. Þeir eiga að vinna gegn neikvæðum staðalímyndum kynjanna og þeir eru ábyrgir fyrir þeirri jafnréttisfræðslu sem í skólunum fer fram, eins og segir í jafnréttisáætlun Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Skólarnir skulu setja sér áætlanir lútandi að jafnrétti. Jafnréttisáætlun er mikilvægt verkfæri sem nota á markvisst til að fylgjast með jafnri stöðu kynjanna innan skólans, bæði meðal starfsfólks og nemenda. Í jafnréttisáætlun felst m.a. viðurkenning á því að gripið sé til sérstakra aðgerða til að jafna stöðu kynjanna.

### Ábyrgð

Skólastjóri ber ábyrgð á jafnréttisáætlun skólans og felur starfsmanni eða starfsmönnum innan skólans að sjá um endurskoðun og viðhald jafnréttisáætlunar skólans. Í jafnréttisáætlun er áætlun um framkvæmdir sem segir hvenær einstakir þættir áætlunar skulu unnir og hver/hverjir beri ábyrgð á því að það sé gert.

### Starfsfólk - kynjasambætting

Þess skal gætt í öllum starfsháttum skólans og daglegri umgengni við starfsfólk að þeim sé ekki mismunað á grundvelli kynferðis. Leitast skal við að mæta þörfum beggja kynja í skólastarfinu.

### Störf

Sé litið til Varmahlíðarskóla sem heildar er meirihluti starfsfólks konur. Við skólann starfar íþróttamiðstöð og þar eru kynjahlutföll starfsfólks jöfn. Hausti 2018 starfa 39 starfsmenn við stofnunina, af þeim eru 6 karlmenn.

*Markmið* : Fylgst sé með því hvert kynjahlutfall starfsmanna er.

*Ábyrgð*: Skólastjóri.

*Tímasetning*: Sífelld.

*Markmið:* Þegar stöður á vegum Varmahlíðarskóla eru auglýstar skal þess gætt að hafa bæði kynin í huga og setja auglýsingar fram með jafnréttissjónarmið í huga.

*Aðgerð:* Í starfsauglýsingum sé vitnað til jafnréttisáætlunar skólans og jafnréttisáætlunar Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Við ráðningar verði unnið í samræmi við verklagsreglur sveitarfélagsins um ráðningar með tilliti til kynjasjónarmiða. Karlar verði hvattir til að sækja um lausar stöður við skólann.

*Ábyrgð:* Stjórnendur skólans og mannauðsstjóri Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

*Tímasetning:* Þegar við á.

### **Starfsþjálfun og endurmenntun**

*Markmið:* Konum og körlum sem vinna sambærileg störf í skólanum skal til jafns standa til boða starfsþjálfun og endurmenntun.

*Aðgerð:* Við gerð símenntunaráætlana skal þess gætt að kynjunum sé ekki mismunað og tilboð séu við hæfi beggja kynja. Við reglulega endurskoðun símenntunaráætlunar skal þess gætt að taka saman tölulegar upplýsingar um endurmenntun beggja kynja. Huga skal að því að starfsfólk eigi kost á fræðslu um jafnréttismál, t.d. frá Jafnréttisstofu.

*Ábyrgð:* Stjórnendur og starfsmaður/starfsmenn sem annast jafnréttisáætlun.

*Tímasetning:* Við gerð og endurskoðun símenntunaráætlunar skólans.

### **Laun**

*Markmið:* Nauðsynlegt er að fylgjast með launum starfsmanna út frá lögum um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna. Vinna skal að því að jafna laun kynjanna komi launamunur í ljós.

*Aðgerð:* Laun starfsmanna hjá stofnuninni séu skoðuð í heildina, þ.e. grunnlaun, yfirvinnugreiðslur, akstursgreiðslur, greiðslur fyrir sérverkefni og annað. Komi launamunur á grundvelli kynferðis í ljós verði leitað leiða til að leiðrétta það.

*Ábyrgð:* Skólastjórnendur og mannauðsstjóri Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

*Tímasetning:* Í lok ágúst ár hvert.

### **Starfsaðstæður og sveigjanleiki**

*Markmið:* Starfsfólki verði auðveldað að samræma störf sín og fjölskylduaðstæður með því að eiga kost á sveigjanlegum vinnutíma, hlutastörfum eða annarri hagræðingu.

*Aðgerð:* Óskir um sveigjanleika verði metnar eftir aðstæðum.

*Ábyrgð:* Skólastjórnendur.

*Tímasetning:* Þegar við á.

### **Kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og einelti**

Markmið: Kynbundin og kynferðisleg áreitni er ekki liðin á vinnustöðum Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Sveitarfélagið hefur gefið út skýrar verklagsreglur um meðferð slíkra mála: <http://www.skagafjordur.is/static/files/Samtykkir/vidbragdsaaetlun-og-leidbeiningar-er-vardar-kynferdislegt-areitni-a-vinnustodum-sveitarfel.-skagafjardar.pdf>

Aðgerð: Farið er yfir þessar verklagsreglur með starfsfólki skólans reglulega og þær endurskoðaðar. Allt starfsfólk skólans þarf að vera meðvitað um ábyrgð og færar leiðir ef upp koma tilvik sem varða kynferðislega áreitni eða einelti.

Ábyrgð: Stjórnendur og mannauðsstjóri Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Tímasetning: Í upphafi skólaárs.

## Nemendur

Markmið: Þess skal gætt í öllum starfsháttum skólans og daglegri umgengni við nemendur að þeim sé ekki mismunað á grundvelli kynferðis. Leitast skal við að mæta þörfum beggja kynja í skólastarfinu.

Aðgerð: Skólabragur Varmahlíðarskóla á að endurspegla samskipti þar sem þess er gætt að borin sé virðing fyrir skoðunum annarra. Lífsgildi eins og kurteisi, umburðarlyndi, jákvæð samskipti og víðsýni eru í hávegum höfð. Dæmi um verkefni sem stuðla að eflingu þessara þátta eru t.d. Vinaliðaverkefnið og Vinaverkefnið.

Ábyrgð: skólastjónendur og starfsmenn

Tímasetning: sífellt

## Verknám - valgreinar

Markmið: Allir óháð kyni stunda sams konar nám í verkgreinum.

Aðgerð: Öllum standa sömu valgreinar til boða

Ábyrgð: skólastjóri

Tímasetning: skólaárið

## Olweus

Markmið: Að fylgja eftir eineltisáætlun Olweusar og hafa starfsreglur hans í heiðri í öllu skólastarfinu.

Aðgerð: Eineltisáætlun skólans felur í sér að rætt er um jafnrétti, gagnkvæma virðingu og umburðarlyndi á vikulegum bekkjarfundum.

Ábyrgð: Skólastjóri og Olweusarteymi

Tímasetning: sífellt

## Skólaakstur - Mötuneyti

Markmið: Nemendum í dreifbýli er tryggður skólaakstur.

Mötuneytiskostnaður er niðurgreiddur

Aðgerð: Þeir nemendur sem búa í dreifðum byggðum skólahverfisins ferðast til og frá skóla með skólabílum á kostnað sveitarfélagsins sem þeir búa í. Rekstur mötuneytis er niðurgreiddur með þeim hætti að sveitarfélögin sem að skólanum standa greiða laun starfsmanna í mötuneyti.

Ábyrgð: Skólastjóri

Tímasetning: sífelld

### **Bekkjarfundir**

Markmið: Umræður um jafnrétti fléttist inn í daglegt skólastarf

Aðgerð: Í Varmahlíðarskóla er það bundið í vikulegri stundaskrá að haldnir eru bekkjarfundir á öllum skólastigum, þar sem komið er inn á umræður um jafnrétti á víðum grunni.

Ábyrgð: Skólastjóri

Tímasetning: sífelld

### **Fræðsla**

Markmið: Leitast skal við að starfa samkvæmt markmiðum Aðalnámskrá grunnskóla hvarvetna sem markmið um jafnrétti eru tiltekin.

Aðgerð: Grunnskólinn starfar samkvæmt markmiðum aðalnámskrár. Markmið sem lúta að kennslu í jafnréttismálum eru tilgreind í mörgum greinum og skulu kennarar taka mið af því. Gagnagrunnurinn [www.menntagatt.is](http://www.menntagatt.is) er aðgengilegur fyrir kennara og þar má finna námsefni og verkefni sem eiga að fylgja jafnréttismarkmiðum aðalnámskrár. Einnig gefst kennurum þar tækifæri til að leggja inn verkefni og þannig má byggja upp góðan hugmynda- og verkefnabanka. Á síðunni [www.jafnrettiiskolum.is](http://www.jafnrettiiskolum.is) er einnig að finna námsefni og upplýsingar sem nýtast við kennslu. Þá má minna á Kynnungabók.

Ábyrgð: Stjórnendur og kennarar.

Tímasetning: Við endurskoðun skólanámskrár og að vori þegar hugað er að námsefni og kennslu næsta vetrar. Fylgt eftir með umræðum og upplýsingamiðlun á kennarafundi áður en kennsla hefst að hausti.

### **Námsgögn**

Markmið: Kennslu og námsgögn skólans skulu þannig úr garði gerð að manneskjum sé ekki mismunað eftir kyni, kynþætti, trúarbrögðum, kynhneigð eða öðru persónulegu.

Aðgerð: Á unglingsstigi er fjallað um jafnrétti í lífsleiknitímum út frá jafnrétti kynjanna, kynhneigð, staðalímyndum og fleira.

Í bókmenntum og samfélagsfræði er lögð áhersla á að greina innihald námsefnis út frá jafnréttissjónarmiðum með umræðum og verkefnavinnu.

Viðfangsefni námsefnisins Þjóðfélagsfræði sem nemendur í 10. bekk taka fyrir eru líf og störf í nútímasamfélagi út frá jafnréttissjónarmiðum.

Bent er á upptalningu og umfjöllun um námsefni sem til er í jafnréttiskennslu á slóðinni <http://jafnretti.is/jafnretti/?D10cID=Page3&ID=51>

Ábyrgð: Skólastjóri

Tímasetning: sífelld

### **Náms- og starfsfræðsla**

Markmið: Nemendur hljóti fræðslu og ráðgjög varðandi nám og störf óháð kyni

Aðgerð: Unnin verði heildstæði náms- og starfsráðgjafaráætlun með áherslu á jafnrétti.

Ábyrgð: Náms- og starfsráðgjafi og skólastjóri.

Tímasetning: við lok ársins 2019

### **Kynferðisleg og kynbundin áreitni**

Markmið: Kynferðisleg og kynbundin áreitni er með öllu ólíðandi í skólastarfinu og allra leiða leitað til þess að bregðast við slíkri óæskilegri hegðun.

Aðgerð: Unnið eftir Stefnu Sveitarfélagsins Skagafjarðar gegn einelti, ofbeldi kynferðislegri og kynbundinni áreitni. Sjá: <https://www.skagafjordur.is/static/files/Samtykktir/2017/stefna-og-vidbragdsaaetlun-vegna-einelti-areitni-og-ofbeldis-a-vinnustad.pdf>

Ábyrgð: skólastjóri

Tímasetning: sífelld

### **Samstarf milli heimilis og skóla**

Markmið: Skólastjórnendur og kennarar hafa í huga í öllum samskiptum við heimili, svo sem foreldraviðtölum, tölvupóstsendingum og símaviðtölum sé þess gætt að báðir foreldrar séu jafngildir í samstarfinu og sjálfsagt sé að hafa samband við hvorn aðilann sem er milli heimilis og skóla.

Aðgerð: Starfsfólk skólans þarf að vera meðvitað í samskiptum við foreldra /forráðamenn og gæta þess að útiloka ekki annað foreldri /forráðamann á grundvelli kyns. mikilvægt er að litið sé á feður og mæður sem jafngild í foreldrasamstarfinu.